



Húnaþing vestra

Hvammstangabraut 5
530 Hvammstanga
Sími 455-2400

Erindisbréf stýrihóps um barnvænt og heilsueflandi sveitarfélag.

Meginhlutverk stýrihópsins er að:

1. Samræma og stýra innleiðingu barnvæns og heilsueflandi sveitarfélags í Húnaþingi vestra.
2. Hafa umsjón með kortlagningu á réttindum og velferð barna innan sveitarfélagsins og stýra samráðsvettvangi með börnum og ungmennum innan sveitarfélagsins.
3. Meta þörf fyrir fræðslu um verkefnið og réttindi barna innan sveitarfélagsins.
4. Gera aðgerðaáætlun sem byggir á gögnum sem safnað er í kortlagningunni, samráðsvettvangi með börnum og ungmennum og svörum sveitarfélagsins við gátlistum barnvænna og heilsueflandi sveitarfélaga.
5. Fylgja eftir framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar.
6. Miðla upplýsingum um verkefnið og kynna aðgerðaáætlunina á auðlesnu formi fyrir börnum og ungmennum.
7. Skýrslugjöf og samskipti við UNICEF og embætti landlæknis eftir því sem við á.

Stýrihópurinn ber ábyrgð á innleiðingunni og samskiptum við UNICEF á Íslandi og embætti landlæknis.

Helstu verkefni hópsins eru að:

- Greina markmið innleiðingar
- Skipuleggja framkvæmd innleiðingar
- Gera aðgerðaáætlun um innleiðingu
- Fylgja eftir aðgerðaáætlun.

Leiðarljós:

Mikilvægt er að stýrihópurinn hafi gott samráð við börn og ungmenni, starfsfólk sveitarfélagsins og kjörna fulltrúa eftir því sem verkefnið krefjast. Hópurinn skal nálgast verkefni sín frá sem flestum sjónarhornum með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Hópurinn skal gæta jafnræðis í vinnu sinni og tillögugerð.

Skipulag:

Stýrihópurinn skal setja sér vinnuáætlun og funda á reglulegum fundartíma ungmennaráðs. Nánari leiðbeiningar eru í handbók um innleiðingu, 8 skref í átt að barnvænu sveitarfélagi, útg. af UNICEF á Íslandi og leiðbeiningum landlæknis um heilsuefandi samfélag. Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum Húnaþings vestra þar að lútandi. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf hópsins. Starfshópnum er óheimilt að stofna til kostnaðar án samþykkis sveitarstjórnar og fjárheimildir skulu vera fyrir útgjöldum. Stýrihópurinn skal kalla til sín aðra hagaðila eftir þörfum, s.s. frá skólum, íþróttafélögum, eldri borgurum o.fl. Stýrihópurinn starfar í umboði sveitarstjórnar.

Skipan hópsins:

Stýrihópsfulltrúar skulu vera eftirfarandi:

- 1 frá fræðsluráði
- 1 frá félagsmálaráði
- 1 frá byggðarráði
- Ungmennaráð
- Íþrótt- og tómstundafulltrúi
- Sviðsstjóri fjölskyldusviðs
- Verkefnastjóri umhverfismála
- Skipulags- og byggingafulltrúi
- Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs
- Skólastjóri grunnskóla
- Skólastjóri leikskóla
- Skólastjóri tónlistarskóla

Starfsmaður og verkefnisstjóri hópsins er sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Samþykkt á 376. fundi sveitarstjórnar 21. desember 2023.